

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

**Laxveiði, göngur og seiðabúskapur
Í Krossá á Skarðsströnd árið 2002**

Sigurður Már Einarsson

Ingi Rúnar Jónsson

Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/0305

Apríl 2003

Efnisyfirlit

	Bls
Inngangur	1
Framkvæmd	1
Niðurstöður	2
Laxveiðin	2
Hreistursýni	3
Göngur og veiðihlutfall	3
Seiðabúskapur	4
Umræður	4
Þakkarorð	5
Heimildaskrá	5

Myndaskrá.

Mynd 1. Kort af vatnasvæði Krossár. Staðsetningu rafveiðistöðva og fiskteljara Er sýnd á kortinu.	6
Mynd 2. Laxveiðin í Krossá 1967-2002. Meðalveiði tímabilsins er einnig sýnd.	7
Mynd 3. Veiðin í Krossá sumarið 2002 eftir veiðistöðum.	7
Mynd 4. Fjöldi fiska sem gekk daglega upp um teljara í Krossá sumarið 2002, Skipt í silung, smálax og stórlax.	8
Mynd 5. Lengdardreifing laxa sem gengu um teljara í Krossá sumarið 2002.	8
Mynd 6. Fjöldi fiska sem gekk um teljara í krossá, skipt eftir tímum dags.	9
Mynd 7. Uppsafnað hlutfall göngu smálaxa og stórlaxa um teljara í Krossá Sumarið 2002.	9
Mynd 8. Niðurstöður vatnhitamælinga teljara í krossá sumarið 2002. Mælt var Á 3 klst fresti.	10
Mynd 9. Lengdardreifing laxaseiða eftir veiðistöðum í Krossá haustið 2002.	11

Töfluskrá.

Tafla 1. Laxveiðin í Krossá 2002. veiðinni er skipt upp eftir árafjölda í sjó og kyni.	12
Tafla 2. Aldur laxa af náttúrulegum uppruna í fersku vatni og sjó ásamt hlutfalli endurkomulaxa (%got), samkvæmt hreistursýnum úr Krossá árin 1982 til 2002. Engin sýni voru tekin árin 1987-1989 og árið 1987.	12
Tafla 3. Fjöldi smálaxa og stórlaxa sem gekk um teljara í Krossá í hverjum Mánuði sumarið 2002.	12
Tafla 4. Veiðihlutfall og stærð hrygningarstofnsins í krossá árin 1998 til 2002.	13
Tafla 5. Stærð hrygningarstofnsins í Krossá árin 1998 til 2002 og áætlað Hrognamagn í ánni eftir sjávaraldri og á flatareiningu.	13
Tafla 6. Vísitala seiðapétteleika á seiðum laxfiska í krossá á Skarðsströnd 9. september 2002.	13
Tafla 7. Vísitala seiðapétteleika í Krossá 1987 til 2002. Gagnasöfnun lá niðri árin 1993-1995.	13
Tafla 8. Meðallengdir laxaseiða (cm) eftir aldurshópum í Krossá 1987 til 2002. Gagnasöfnun lá niðri árin 1993-1995.	14
Tafla 9. Lífþyngd (g./100 m ²) í Krossá eftir seiðaaldri árin 1987 til 2002.	14

Inngangur

Rannsóknir í Krossá á Skarðsströnd hafa frá árinu 1998 verið stundaðar sem hluti af stærra rannsóknarverkefni sem hefur það að markmiði að kanna veiðialag laxa í stangveiði, stærð hrygningarstofns hverju sinni og samhengi hrygningarstofns og nýliðunar með tilliti til þess að sjá hvar verndarmörk laxastofna liggja (Þórólfur Antonsson o.fl. 2002).

Allur fiskur sem gengur í ána er talinn í fiskteljara og stangaveiðin skráð í veiðibók. Aldurssamsetning og uppruni laxa er greindur í hreistursýnum ár hvert og seiðabúskapur vaktaður m.t.t. tegundasamsetningu og útbreiðslu innan árinna, auk þess sem fylgst er með breytingum á stofnstærð og seiðavexti.

Fyrstu lífríkisrannsóknir á vatnasvæði Krossár fóru fram 1981, en áin hefur verið athuguð flest ár frá árinu 1987 og ítarleg gögn liggja fyrir um búsvæði laxfiska og stofna laxfiska í ánni (Sigurður Már Einarsson 1999a, 1999b og 1999c). Framvinduskýrslur eru gerðar árlega um verkefnið (Sigurður Már Einarsson 2001) sem hefur frá 1998 verið styrkt af Fiskræktarsjóði.

Framkvæmd

Laxveiði var reiknuð eftir veiðistöðum og fjöldi og meðalþyngd laxa reiknuð eftir sjávaraldri og kynjum, en slík tölfraði er árlega unnin í flestum veiðiam landsins (Guðni Guðbergsson 2002).

Árvaka fiskteljari var settur niður í Krossá 20. júní og tekinn upp 15. október. Teljarinn skráir í minni göngutíma einstakra fiska, auk stærðar þeirra. Einnig er hitamælir hluti af vélbúnaðinum þannig að vatnshiti er skráður reglulega í minni hans. Rekstur teljarans gekk vel, en þó komu tvisvar flóð í ána og er hugsanlegt að við þau skilyrði hafi laxar náð að ganga framhjá teljaranum (Trausti Bjarnason, munnlegar upplýsingar).

Teljarinn mælir hæð (þykkt) fiska sem ganga um hann og er lengd hvers fisks umreiknuð út frá hæð hans. Niðurstöður skráningar úr stangveiði eru notaðar til samanburðar við úrvinnslu gagna, en m.a. þarf að ákvarða hæðar/lengdarstuðul sem nota skal við umreikningana. Notaður var stuðullinn 5,6. Við úrvinnslu var miðað við að fiskur innan við 50 cm langur væri silungur, smálax (1 ár í sjó) 50 til 70 cm langur og stærri fiskar væru stórlaxar (2 ár í sjó).

Laxagangan í Krossá var áætluð með eftirfarandi jöfnu:

$$HG = TG + VN \quad (1)$$

HG = Heildarganga, TG = Ganga um teljara, VN = Veiði neðan teljara

Reiknaður var hrygningarstofn lax, en það er sá fjöldi laxa sem er eftir í ánni að hausti. Við mat á hrygningarstofni (N_0) var veiði ofan teljara dregin frá göngunni um teljarann (TG) (2). Gert var ráð fyrir að hverfandi magn yrði eftir til hrygningar neðan við teljarann.

$$N_0 = TG - VO \quad (2)$$

Fjöldi hrygna bæði fyrir smálax og stórlax sem eftir varð til hrygningar var áætlaður eftir hlutfalli hrygna og hænga í veiðinni. Hrognafjöldi (HF) var áætlaður á grundvelli sambands hrognafjölda og meðalþyngdar í smálaxi og stórlaxi (Þórólfur Antonsson o.fl 2002), en síðan var heildarfjöldi hrogna fundinn og umreiknaður á flatareiningu (m^2).

Seiðabúskapur var kannaður með svipuðu sniði og fyrr og veitt á 6 stöðum víðs vegar á svæðinu (1. mynd). Aðferðum við sýnatöku og úrvinnslu hefur áður verið lýst (Sigurður Már Einarsson 1999a).

Niðurstöður

Laxveiðin

Verulegur bati varð í laxveiði í Krossá sumarið 2002 miðað við undanfarin ár. Alls veiddust 134 laxar, eða 132 eins árs laxar (smálax) og 2 tveggja ára laxar (stórlaxar) (tafla 1). Kynjahlutföll í veiðinni voru mjög áþekk (tafla 1). Hjá smálaxi var fjöldi hænga og hrygna nær jafn, en báðir stórlaxarnir voru hængar. Tveim löxum var sleppt aftur eða 1,5% af veiðinni. Þá veiddust 26 bleikjur og 8 urriðar.

Laxveiðin var einungis 52 laxar árið 2001 og urðu því veruleg umskipti í veiðinni sumarið 2002. Meðalveiðin árin 1967-2001 er 88 laxar og veiðin var því um 50% yfir meðalveiði tímabilsins og árið 2002 varð því með betri veiðiárum í Krossá (mynd 2).

Laxveiðin varð mest í Neðrafossi (nr 19) en þar veiddust 24 laxar en aðrir gjöfuleir staðir voru Kista (nr. 20) með 19 laxa og Veitustrengur (nr. 31) með 18 laxa. Mest af

bleikjunni veiddist á neðstu 3 veiðistöðunum í Krossá (mynd 3), en urriði dreifðist meira um ána.

Hreistursýni

Hreistursýni komu af 102 löxum eða 76% veiðinnar. Af þeim reyndust 2 sýni vera af laxi af eldisuppruna. Engum eldisseiðum hefur verið sleppt í ána undanfarin ár og er því um flækinga annars staðar frá að ræða.

Sjávaraldur laxa var mjög svipaður og kom fram við vinnslu á veiðitölum, en þar er aldur laxa úr sjó áætlaður eftir þyngd þeirra. Alls var smálax 98% sýnanna en stórlaxinn 2%. Tveir laxar voru með gotmerki í hreistrinu og höfðu þeir farið út um vorið en gengið samsumars í ána. Hlutfall þeirra í sýnunum var því 2%, sem er nálægt meðaltali fyrir ána (tafla 2).

Ferskvatnsaldur laxa af náttúrulegum uppruna var á bilinu 2 – 5 ár og var 3 ára ferskvatnsdval algengust. Að meðaltali höfðu laxarnir dvalið 3,32 ár í ferskvatni fyrir sjógöngu, sem er nokkuð undir langtímameðalali árinna, en undanfarin ár hefur ferskvatnsaldur laxa lækkað að meðaltali í ánni (tafla 2).

Göngur og veiðihlutfall

Heildarfjöldi skráninga í teljaranum sumarið 2002 var 729, þ.e. 456 skráningar upp teljara og 273 skráningar niður um teljara. Fjöldi fiska sem gekk upp um teljara sumarið 2002 var því 183 fiskar, þegar dregnir hafa verið frá þeir fiskar sem gengu niður um teljara. Gangan skiptist í 183 smálaxa (98,4%) og 3 stórlaxa (1,6%) (mynd 4 og 5 tafla 3), auk þess sem nettó fóru 3 silungar niður um teljara. Meira en helmingur laxins gekk í júlí og um þriðjungur í ágúst.

Mest af fiskinum gekk upp um teljarann milli 2 og 5 á nóttunni (mynd 5). Sé skoðuð hlutfallsleg uppsöfnuð ganga smálaxa upp um teljarann, sést að 50 % af heildargöngu höfðu gengið um hann 30. júlí (mynd 7).

Vatnshiti, samkvæmt hitamæli í teljara, fór hæst upp í 15,4 °C þann 4. júlí og lægst niður í 2,4 °C þann 15. október (mynd 7).

Sumarið 2002 var veiðiálag í stangaveiði 72% (tafla 4), sem er nokkru herra hlutfall en veiðst hefur af göngunni undanfarin ár (tafla 4). Flóð í ánni sumarið 2002 kunna að hafa valdið erfiðleikum við talningu, þannig að gangan gæti hafa verið meiri en teljarinn sýndi. Gera þarf ráðstafanir til að endurbæta girðinguna við teljarann, en

endurnýja þarf efri grindur sem taka við flóðvatni. Mikill skítur sest á núverandi búnað, sem starfar illa við slíkar aðstæður.

Stærð hrygningarstofnsins í Krossá hefur aldrei mælst meiri en árið 2002 (tafla 5). Hrygningarstofninn haustið 2002 kann að vera stærri en hér kemur fram vegna ótalinna fiska sem farið hafa framhjá teljara í flóðum í ánni. Hrognamagnið mældist alls 154.796 hrogn og var það að meðaltali $1,35 \text{ hrogn/m}^2$ í ánni og er það mesta magn á flatareiningu sem mælst hefur frá upphafi verkefnisins.

Seiðabúskapur

Mælingar á seiðabúskap fóru fram 9. september og var veitt á hefðbundnum athugunarstöðum í ánni (mynd 1). Lax var alls staðar ríkjandi tegund í ánni, en urriði kom einnig víða fyrir. Einkum varð vart við urriðaseiði á efri hluta Krossár (tafla 6). Vísitala laxaseiða var 10,4 seiði á 100 m^2 og fundust seiði af öllum aldurshópum (tafla 6, mynd 9), allt frá vorgömlum seiðum (0+) til seiða á fimmta ári (3+). Vísitala urriða var 1,7 seiði á 100 m^2 .

Þéttleiki laxaseiða reyndist nokkuð undir langtíma meðaltali fyrir Krossá (tafla 7), en frá því að mælingar hófust árið 1987 hafa að jafnaði mælst 12,9 seiði á 100 m^2 í ánni. Áberandi er að meiri þéttleiki mældist í ánni á fyrri hluta þessa tímabils (tafla 7), en frá árinu 1996, hefur seiðamagn mælst minna (tafla 7).

Meðallengd laxaseiða á fyrsta ári var 3,4 cm. Seiði á öðru ári voru 6,0 cm og á þriðja ári 8,8 cm (tafla 8). Vöxtur seiða var svipaður og undanfarin ár (tafla 8).

Vístala líffýngdar laxaseiða var að meðaltali $75,0 \text{ g/100 m}^2$ sem er mjög nálægt langtíma meðaltali Krossár (tafla 9).

Umræður

Rannsóknir í Krossá á Skarðsströnd eru hluti af stærra rannsóknarverkefni sem einnig er unnið að í Vesturdalsá í Vopnafirði. Markmið þess er að kanna sambandið á milli hrygningarstofns ána og nýliðunar og jafnframt freista þess að athuga hvar verndarmörk laxastofnanna lægju (Sigurður Már Einarsson 2001, Þórólfur Antonsson o.fl. 2002). Fyrstu niðurstöður úr verkefninu sýndu marktæk sambönd milli stærðar hrygningarstofns ána og nýliðunar (Þórólfur Antonsson o.fl. 2002).

Skilgreining á verndarmörkum laxastofna hvað varðar lágmarksstærð hrygningarstofnsins er mjög flókið ferli. Útreikningar á stærð hrygningarstofnsins hverju sinni eru háðar nákvæmri vitneskju um veiðiálag í ánum. Veiðiálag kann að

vera breytilegt eftir stærð göngunnar eins og kom í ljós við athuganir í Elliðaánum (Þórólfur Antonsson 1998) þar sem veiðiálag lækkaði verulega við aukna göngu í ána. Gagnaraðir varðandi veiðiálag eru enn stuttar í Krossá og Vesturdalsá, en áriðandi er að slíkar upplýsingar liggi fyrir yfir langt tímabil til að athuga hvort miklar breytingar eigi sér stað á veiðiálagi eftir stærð göngunnar. Því er nauðsynlegt að halda verkefninu áfram í nokkur ár til viðbótar.

Rekstur teljarans í Krossá gekk vel sumarið 2002, utan erfiðleika sem sköpuðust vegna flóða. Farið var einu sinni á tímabilinu og gögnum tappað af teljaranum og ástand þeirra og teljarans kannað. Komið hefur til tals að auka rekstaröryggi teljarans enn frekar með því að tengja hann við síma (fastlínu), en slík tenging gerir mögulegt að fylgjast með teljaranum með upphringisambandi. Þannig mætti skoða gögnin í teljaranum reglulega án þess að nauðsynlegt sé að fara á staðinn og lesa gögnin af teljaranum þar. Slíkur búnaður getur sparað ferðir að teljaranum meðan rekstur hans gengur eðlilega, auk þess að stytta tímann sem liður frá því að einhver bilun eða rekstrarvandamál verður í teljaranum og þangað til slíkt uppgötvast.

Laxagöngur bötnuðu verulega í Krossá árið 2002 og hafa ekki mælst meiri frá upphafi talninga. Þrátt fyrir það mældist veiðiálag það hæsta frá upphafi verkefnisins. Miklar líkur eru á að mikil flóð í ánni sumarið 2002 hafi skekkt niðurstöður og laxar náð að ganga framhjá teljaranum og mat á veiðiálagi sé því of hátt. Koma þarf í veg fyrir að slíkt geti endurtekið sig m.a. með því að endurbæta umbúnað teljarans í ánni.


Þakkarorð

Fiskræktarsjóður hefur styrkt rannsóknina frá árinu 1998 og án þess stuðnings væri verkefnið vart unnið. Trausta Bjarnasyni formanni Vf. Krossár er þökkun aðstoð og eftirlit með teljara og söfnun hreistursýna og Birni Theódórssyni fyrir aðstoð við sýnasöfnun og úrvinnslu á hreistri.


Heimildaskrá

- Guðni Guðbergsson 2002. Lax – og silungsveiðin 2001. Veiðimálastofnun Reykjavík. VMST-R/0207. 27 bls.
- Sigurður Már Einarsson 1999a. Samantekt rannsókna á fiskstofnum Krossár á Skarðsströnd. Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/99010. 29 bls.
- Sigurður Már Einarsson 1999b. Krossá á Skarðsströnd 1999. Seiðabúskapur og göngur laxfiska. Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/1999015. 16 bls.


- Sigurður Már Einarsson 1999c. Búsvæði laxfiska í Krossá á Skarðsströnd. Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/99001. 7 bls.
- Sigurður Már Einarsson 2001. Krossá á Skarðsströnd 2001. Göngur laxfiska og seiðabúskapur. Veiðimálastofnun Skýrsla. VMST-V/01014. 13 bls.
- Þórólfur Antonsson 1998. Breytileiki í framleiðslu laxaseiða í tveimur íslenskum ám og endurheimtur þeirra úr hafi. M.S. ritgerð. Háskóli Íslands. 147 bls.
- Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson 2002. Veiðiálag, stærð hrygningarstofs og nýliðun í litlum ám. Veiðimálastofnun Reykjavík. VMST-R/0204. 31 bls.




Mynd 1. Kort af vatnasvæði Krossár. Staðsetning rafveiðistaða og fiskteljara er sýnd á kortinu.




Mynd 2. Laxveiðin í Krossá árin 1967-2002. Meðalveiði tímabilsins er einnig sýnd (lárétt lína).




Mynd 3. Veiðin í Krossá sumarið 2002 eftir veiðistöðum




Mynd 4. Fjöldi fiska sem gekk daglega upp um teljara í Krossá sumarið 2002, skipt í silung, smálax og stórlax.




Mynd 5. Lengdardreifing fiska sem gengu um teljara í Krossá sumarið 2002.




Mynd 6. Fjöldi fiska sem gekk um teljara í Krossá, skipt eftir tímum dags.



Mynd 7. Uppsafnað hlutfall göngu smálaxa og stórlaxa um teljara í Krossá sumarið 2002.



Mynd 8. Niðurstöður vatnshitamælinga teljara í Krossá sumarið 2002. Mælt var á 3 klst fresti.



Mynd 9. Lengdardreifing laxaseiða eftir veiðistöðum í Krossá haustið 2002.

Tafla 1. Laxveiðin í Krossá 2002. Veiðinni er skipt upp eftir árafjölda í sjó og kyni.

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.
1	64	2,5	48,5	68	2,1	51,5	132	2,3
2	0	0,0	0,0	2	3,5	100,0	2	3,5
Samtals	64	2,5	47,8	70	2,1	52,2	134	2,3

Tafla 2. Aldur laxa af náttúrulegum uppruna í fersku vatni og sjó ásamt hlutfalli endurkomulaxa (%got), samkvæmt hreistursýnum úr Krossá árin 1982 til 2002. Engin sýni voru tekin árin 1984 til 1989 og árið 1997.

Ár	Sýni n	Aldur í ferskvatni (%)					Mt. ár	Aldur í sjó (%)		Mt. ár	% Got
		2 ár	3 ár	4 ár	5 ár	6 ár		1 ár	2 ár		
1982	15	0	40,0	53,3	6,7	0	3,67	53,3	46,7	1,47	0
1983	65	1,6	23,8	66,7	7,9	0	3,81	73,0	27,0	1,27	3,1
1990	19	0	27,8	50,0	22,2	0	3,94	72,2	27,8	1,28	5,3
1991	32	0	29,0	45,2	25,8	00	3,97	90,3	9,7	1,1	3,1
1992	69	1,5	23,9	50,7	23,9	0	3,97	85,1	14,9	1,15	2,9
1993	47	6,4	21,3	53,2	19,1	0	3,85	80,6	19,1	1,19	0
1994	30	3,3	26,7	53,3	16,7	0	3,83	73,3	26,7	1,27	0
1995	51	2,0	20,4	69,4	6,1	2,1	3,86	93,9	6,1	1,08	3,9
1996	31	0	33,3	56,7	10,0	0	3,78	70,0	30,0	1,30	3,2
1998	41	0	28,2	59,0	12,8	0	3,83	97,4	2,6	1,02	4,9
1999	45	2,2	42,2	46,7	8,9	0	3,5	97,8	2,2	1,02	0
2000	19	10,5	47,4	36,8	5,3	0	3,37	89,5	10,5	1,11	5,3
2001	35	5,7	62,9	31,4	0	0	3,26	88,6	11,4	1,11	0
2002	100	1,0	69,0	27,0	3,0	0	3,32	98,0	2,0	1,02	2,0
Meðaltal	43	2,4	35,4	50,0	12,0	0,1	3,71	83,1	16,9	1,17	2,4
Min	15	0	20,4	27,0	0	0	3,26	53,3	2,0	1,02	0
Max	100	0,5	39,0	69,4	25,8	2,1	3,97	98,0	46,7	1,47	5,3

Tafla 3. Fjöldi smálaxa og stórlaxa sem gekk um teljara í Krossá í hverjum mánuði sumarið 2002.

Mánuður	Smálax		Stórlax		Samtals	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Júlí	104	56,8	3		107	57,5
Ágúst	60	32,8	-1		59	31,7
September	14	7,7	0		14	7,5
Október	5	2,7	1		6	3,2
Samtals	183		3		186	

Tafla 4. veiðihlutfall og stærð hrygningarstofnsins í Krossá árin 1998 til 2002.

Ár	Laxveiði			Ganga alls	Göngur um teljara			Veiðihlutfall (%)		
	1 ár	2 ár	Samt.		1 ár	2 ár	Samt.	1 ár	2 ár	Samt.
1998	49	1	50	89	86	3	89	57,0	33,3	56,2
1999	66	5	71	119	111	6	117	59,5	83,3	60,7
2000	32	1	33	70	66	1	67	48,5	100	49,3
2001	48	4	52	97	88	5	93	54,5	80,0	55,9
2002	132	2	134	189	183	3	186	72,1	66,7	72,0
Meðaltal	65,4	2,6	68	112,8	106,8	3,6	110,4	58,3	72,7	58,8

Tafla 5. Stærð hrygningarstofnsins í Krossá árin 1998 til 2002 og áætlað hrognamagn í ánni skipt eftir sjávaraldri hrygningarfiska, auk hrognþéttleika (fjöldi hrogna á fermetra).

Ár	Fjöldi hrygna			Hrognafjöldi			Hrogn/m ²
	1 árs	2 ára	Samtals	1 árs	2 ára	Samtals	
1998	20	2	22	106614	24450	131064	1,15
1999	23	1	24	132327	11856	144183	1,26
2000	19	0	19	102530	0	102530	0,90
2001	11	1	12	56581	9772	66353	0,58
2002	26	1	27	147075	7720	154796	1,35
Meðaltal	19,8	1,0	20,8	109025	10760	119785	1,05

Tafla 6. Vísitala seiðapöttleika (fjöldi á 100 fermetra) á seiðum laxfiska í Krossá á Skarðsströnd 9. september 2002.

Stöð	Svæði m ²	Lax						Urriði Samt.
		0+	1+	2+	3+	4+	Samt.	
1	288	0	1,4	2,4	2,8	0,3	6,9	0
2	210	2,4	1,9	4,3	5,2	0	13,8	4,3
3	260	4,2	10,8	4,6	3,5	0	23,1	4,6
4	132	0	0	0,8	0,8	0,8	2,4	0,8
5	240	1,7	5,0	1,7	1,7	0	10,1	0,8
6	248	0	0	1,6	1,2	0	2,8	0
Allar	1378	1,5	3,5	2,7	2,6	0,1	10,4	1,7

Tafla 7. Vísitala seiðapöttleika í Krossá 1987 til 2002. Gagnasöfnun lá niðri árin 1993 – 1995.

Ár	Svæði m ²	Vísitala seiðapöttleika (fj. í einni rafveiðiumferð á 100 m ²)					
		0+	1+	2+	3+	4+	Samt.
1987	1162	2,2	3,0	6,4	4,0	0,2	15,8
1988	895	0,6	4,7	4,3	2,5		12,0
1989	1108	0,6	2,8	5,7	0,5	0,9	10,5
1990	644	0,2	2,2	8,5	5,4	0,6	16,9
1991	645	6,2	7,3	3,0	3,7	0,5	20,6
1992	621	0,3	8,7	7,6	4,2	0,2	24,3
1996	1164	3,9	0,2	3,0	2,2	0,7	10,0
1997	1522	0,8	2,2		2,6	0,1	5,7
1998	770	1,4	5,7	4,6	0,9	0,5	13,1
1999	1539	0,1	1,6	3,9	1,5		7,0
2000	1124	1,3	5,8	2,9	0,3		10,3
2001	1499	1,7	2,9	4,5	2,1		11,2
2002	1378	1,5	3,5	2,7	2,6	0,1	10,4
Meðaltal		1,6	3,9	4,4	2,5	0,3	12,9

Tafla 8. Meðallengdir (cm) laxaseiða eftir aldurshópum í Krossá 1987 til 2002. Gagnasöfnun lá niðri árin 1993 til 1995.

Ár	Meðallengd cm				
	0+	1+	2+	3+	4+
1987	3,2	6,0	8,2	10,6	11,1
1988	2,9	5,1	7,7	10,1	
1989	2,6	4,5	6,8	9,4	10,5
1990	3,2	4,6	7,0	9,3	11,0
1991	3,3	5,9	7,5	9,8	11,2
1992	3,1	5,9	7,7	10,1	9,8
1996	3,3	5,7	8,1	10,0	12,7
1997	4,2	6,3		9,9	12,4
1998	3,8	6,1	9,1	11,0	12,9
1999	3,3	7,1	8,5	10,7	
2000	3,6	8,1	9,6	12,3	
2001	3,5	6,3	8,9	10,2	
2002	3,4	6,0	8,8	10,8	11,6

Tafla 9. Lífþyngd (g./100 m²) laxaseiða í Krossá eftir seiðaaldri árin 1987 til 2002.

Ár	Lífþyngd (g/100 m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
1987	0,9	7,2	38,9	54,1	2,7	103,8
1988	0,2	6,6	50,6	29,3	0	86,6
1989	0,1	9,8	19,9	4,2	11,8	45,9
1990	0,1	2,4	32,5	50,0	9,3	94,2
1991	2,5	16,8	14,2	39,4	5,3	78,1
1992	0,1	20,1	39,4	49,4	1,6	110,5
1996	1,5	0,3	18,1	25,4	16,1	61,5
1997	0,6	6,1	0	28,7	1,5	36,9
1998	0,9	14,3	39,1	16,7	12,7	80,6
1999	0,0	6,2	26,8	21,0	0	54,1
2000	0,6	32,9	27,7	6,1	0	67,3
2001	0,8	8,3	38,1	27,2	0	74,4
2002	0,7	9,3	22,6	40,4	1,9	75,0
Meðaltal	0,7	10,8	28,3	29,9	10,3	74,5